

18. mars 2009  
SI-50393

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 13. mars 2009 sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um skattaívilnanir vegna rannsókn- og þróunarverkefna, 69. mál. Samkvæmt tillögunni yrði fjármálaráðherra falið að undirbúa lagasetningu um slíkar skattaívilnanir.

Málið er tæplega á verksviði Seðlabankans, þar sem það snýst um rekstrarleg áhrif skattkerfisins og hvort hægt sé að sníða ívilnanir þannig að þjóðhagslegur ábati verði af þeim þegar öll kurl koma til grafar. Því kýs Seðlabankinn ekki að gefa efnislega umsögn, en bendir þó á að málið þarf að skoða með hliðsjón af öðrum styrkjakerfum sem fyrir hendi eru, svo sem í starfsemi Rannís, Þróunarsjóðs Atvinnulífsins og Byggðastofnunar, sem og ráðstöfunum sem Atvinnuleysistryggingarsjóður kann að hafa gert. Málið verður ennfremur að skoðast í ljósi stöðu ríkissjóðs.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygarð  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri